


Nr.: VKL-207	<b>Tækniskólinn</b>	
Útgáfa: 3.0		
Dags: 26.09.2013	<b>1. Endurmenntun starfsmanna</b>	
Höf: Jón B. Stefánsson		
Ábm: Skólameistari		
Síða 1 af 1		

## 1. Tilgangur

Þetta vinnuferli tryggir að skipulegar aðferðir séu notaðar við símenntun starfsmanna Tækniskólans þannig að allir starfsmenn fái yfirlit yfir starfsemi skólanna, aðbúnað, húsnæði og skipulag.

## 2. Gildissvæði (umfang)

Þetta vinnuferli gildir fyrir alla starfsemi skólans og alla starfsmenn en gildir þó ekki fyrir þá starfsmenn sem ráðnir eru tímabundið í verkefni eða sem verktakar, þ.m.t. stundakennarar.

## 3. Ábyrgð

**Kennarar** eru ábyrgir fyrir að viðhalda faglegri hæfni sinni.

**Skólameistari** ber ábyrgð á að unnið sé samkvæmt ferli um endurmenntun og þjálfun starfsmanna.

**Stjórnendur** eru ábyrgir fyrir framkvæmd ferlisins á hverjum tíma og að endurmenntun starfsmanna tryggi þekkingu starfsmanna til sinna verkþátta. Almenn er næsti yfirmaður ábyrgur fyrir þjálfun og endurmenntun sinna undirmanna.

## 4. Framkvæmd

Í reglugerð um starfsskyldur framhaldsskólakennara eru ákvæði um að kennarar séu ábyrgir fyrir eigin endurmenntun og í kjarasamningum KÍ við ríkið er gert ráð fyrir að tiltekinn tími á hverju ári sé ætlaður til endurmenntunar að eigin vali og frumkvæði kennara. Þessum ákvæðum er stíft fylgt af KÍ og hefur skólinn því ekki vald yfir þessu.

Skólinn er hins vegar með fræðslu sem byggð er inn í hefðbundna mánaðarlega kennarafundi og eru oft fengnir utanaðkomandi aðilar með erindi og fróðleik. Skólinn býður einnig upp á örnámskeið við upphaf hvers annar í notkun þeirra kerfa sem eru rekin í skólanum. Ekki er skyldumæting á þessi örnámskeið og er þátttaka því ekki skráð. Nánari upplýsingar um þessa fræðslu koma fram í ársskýrslum skólans.

Kennarar hafa getað sótt um styrki til endurmenntunar til KÍ. MMR auglýsir einnig námsstyrki á hverju ári fyrir kennara.

Starfsmaður bera sjálfir ábyrgð á að koma upplýsingum um endurmenntun sína í starfsmannaskrá skólans.

## 5. Tilvísanir í skjöl

## 6. Viðeigandi skrár

**Starfsmannaskrá** í Navision starfsmannakerfi skólans.